

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 2005

8. febrúar 2005

211

Nr. 175

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 960, 6. desember 2004,
um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum.

1. gr.

1. málslíður 3. mgr. 4. gr. orðast svo: Skulu tillögur sveitarfélaga um þessar reglur sendar ráðuneytinu.

2. gr.

Í stað: „sveitarfélagi“ í lokamálslið 1. mgr. 5. gr. komi: byggðarlagi.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stöð í 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. febrúar 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

4. febrúar 2005

Nr. 176

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum,
með síðari breytingum.

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Vörugjald skal falla niður af bifreiðum, sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að bifreiðin verði

Gutenberg

skráð eign ríkis, sveitarfélaga eða stofnana þeirra eða hins fatlaða sjálfs. Þó er heimilt ef hinn fatlaði er barn að skrá bifreiðina á forráðamann barnsins.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stöð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 4. febrúar 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

SAMÞYKKT

um fráveitur í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur á þéttbýlisstöðum í Húnaþingi vestra, Hvammstanga, Laugarbakka og á Reykjaskóla í Hrutafirði, þar sem reknar eru fráveitur í eigu Húnaþings vestra. Fráveita Húnaþings vestra er B-hluta fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins og eru allar lagnir fráveitunnar, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna eign hennar. Sömuleiðis allur fráveitubúnaður, brunnar, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Um fráveitur.

2. gr.

Sveitarsjóður kostar rekstur fráveitu Húnaþings vestra samkvæmt 1. gr. og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega til þess fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs. Tæknideild Húnaþings vestra fer með umsón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu Húnaþings vestra í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveita Húnaþings vestra veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

4. gr.

Þar sem fráveita Húnaþings vestra er fyrir hendi, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tæknideild Húnaþings vestra ákveður legu götuholræsa og tengigreina.